

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Ársreikningur

2015

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands
Austurstræti 11
101 Reykjavík
kt. 430269-1519

Efnisyfirlit

	bls.
Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla og áritun stjórnar	3 -5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-19
Sérgreind yfirlit deilda	20-22

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2015, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 25. apríl 2016

Rýni endurskoðun ehf.


Gunnar Þór Ásgeirsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Um Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn skiptist í séreignar- og samtryggingardeild. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Starfsemi á árinu 2015

Hrein eign sjóðsins í árslok 2015 nam kr. 4.751.803.442 og hafði hækkað um kr. 640.725.706 eða 15,59% frá árslokum 2014.

Hrein eign séreignardeildar sjóðsins í árslok 2015 nam kr. 3.774.599.247 og hafði hækkað um kr. 477.066.399 eða 14,47% frá árslokum 2014.

Hrein eign samtryggingardeildar sjóðsins í árslok 2015 nam kr. 977.204.195 og hafði hækkað um kr. 163.659.307 eða 20,12% frá árslokum 2014.

Í lok árs 2015 áttu 336 sjóðfélagar réttindi í séreignardeild, samanborið við 314 í ársbyrjun. Þá áttu 324 sjóðfélagar réttindi í samtryggingardeild í árslok 2015 í samanburði við 331 í ársbyrjun.

Virkir sjóðfélagar séreignardeildar í árslok 2015, þ.e. einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu, voru 161 samanborið við 139 á árinu 2014. Virkir sjóðfélagar sameignardeildar í árslok 2015, voru 151 samanborið við 159 í árslok 2014.

Lífeyrisþegar séreignardeildar á árinu 2015 voru 55 talsins samanborið við 47 á árinu 2014. Lífeyrisþegar samtryggingadeildar á árinu 2015 voru 20 talsins samanborið við 16 á árinu 2014. Greiddur lífeyrir á árinu 2015 nam samtals kr. 109.215.142 samanborið við kr. 79.297.450 á árinu 2014.

Á árinu 2015 námu greidd iðgjöld kr. 201.154.538 samanborið við kr. 169.256.736 á árinu 2014.

Á árinu 2015 námu greidd iðgjöld í sameignardeild kr. 64.530.697. Á árinu var greiddur úr samtryggingardeild, örorkulífeyrir að fjárhæð kr. 4.912.134, makalífeyrir að fjárhæð kr. 623.920 og eftirlaun samtals að fjárhæð kr. 3.767.273. Samtals nam útgreiddur lífeyrir úr samtryggingardeild á árinu 2015 kr. 9.303.327.

Á árinu 2015 námu greidd iðgjöld í séreignardeild kr. 136.623.841. Á árinu var greiddur úr séreignardeild, makalífeyrir að fjárhæð kr. 8.518.850, eftirlaun námu samtals kr. 86.450.753 og greiðsla til dánarbúa samtals að fjárhæð kr. 4.942.212. Samtals nam útgreiddur lífeyrir úr séreignardeild á árinu 2015 kr. 99.911.815.

Á árinu voru haldnir 8 formlegir fundir hjá stjórn sjóðsins auk ársfundar sem haldinn var í júní. Á árinu 2015 var enginn starfsmaður hjá sjóðnum, en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður bankans. Laun til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu kr. 2.634.120 á árinu 2015 samanborið við kr. 2.555.296 á árinu 2014.

Framsetning ársreiknings Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er nú með öðru sniði en verið hefur. Fram til þessa hafa ársreikningar sjóðsins verið tvískiptir, þ.e. einn ársreikningur fyrir hvora deild sjóðsins, samtryggingardeild og séreignardeild, eins og um tvo sjálfstæða sjóði væri að ræða. Nú er gerður einn ársreikningur fyrir báðar deildir sem ætti að auka skýrleika í framsetningu og gera samanburð við aðra lífeyrisjóði auðveldari.

Ávöxtun ársins 2015

Mikið flökt var á skuldabréfamarkaðinum á árinu 2015 enda nóg af fréttum sem höfðu áhrif á verðlagningu skuldabréfa.

Ávöxtunarkröfur ríkisbréfa hækkuðu talsvert á fyrri helmingi ársins þegar kjaraviðræður gengu illa og hótaði peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands vaxtahækkun sem raungerðist um sumarið. Á sama tíma var áætlun um losun fjármagnshafta kynnt og byrjuðu þá erlendar aðilar að kaupa ríkisbréf í stórum stíl og námu kaup þeirra yfir 50 milljörðum frá kynningu áætlunarinnar.

Ávöxtunarkröfur ríkisbréfa lækkuðu mjög hratt fram í byrjun nóvember þegar seðlabankastjóri tilkynnti á vaxtaákvörðunarfundi um að þörf væri á því að hefta aðgang fjárfesta í vaxtamunarviðskipti og þar með þurrkaðist eftirspurnin nánast upp.

Hlutabréfamarkaðurinn var mjög líflægur og hækkaði OMXI8 vísitalan um 43,4% á árinu. Flest félögin voru að skila góðri afkomu og oft á tíðum betri en væntingar greiningaraðila gáfu til kynna. Efnahagur félaga sem skráð eru í kauphöll er í flestum tilfellum mjög góður og skuldsetning þeirra orðin lítil. Þrjú félög voru skráð á markaðinn á árinu, Eik fasteignafélag hf., Reitir fasteignafélag hf. og Síminn hf.

Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins á árinu.

Skýrsla stjórnar

Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins eru eignir samtryggingadeildar 82,8 milljónum hærri en skuldbindingar, eða 4,8%. Eignir og skuldbindingar eru því í jafnvægi og engar breytingar fyrirhugaðar á réttindum sjóðfélaga.

Landsbankinn annast eignastýringu innan gildandi fjárfestingarstefnu hverju sinni. Er leitast við að ávaxta fjármuni sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur eftirlit með rekstri sjóðsins ráðstöfun eigna hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. apríl 2016

Stjórn




Sigurgísli Ingimarsson



Gísli Vilhjálmsson



Heiðís Halldórsdóttir



Margrét Helgadóttir



Sæmundur Pálsson

Framkvæmdastjóri



Ólafur Páll Gunnarsson

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		66.380.998	59.364.315
Iðgjöld launagreiðenda		134.773.540	109.892.421
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(1.464.731)	(2.730.543)
Sérstök aukaframlög		1.321.073	1.075.180
		<u>201.010.880</u>	<u>167.601.373</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	109.215.142	79.297.450
Sérstök inngreiðsla inn á lán sjóðfélaga		4.590.375	1.374.332
Annar beinn kostn. vegna örorkulífeyris		0	57.097
Framlag í VIRK starfsendurhæfingarsjóð		2.029.589	1.203.228
Tryggingakostnaður		1.422.295	3.129.913
		<u>117.257.401</u>	<u>85.062.020</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		143.855.676	25.529.585
Vaxtatekjur og gengismunur	4	429.975.455	190.783.372
Breytingar á niðurfærslu (fjárfestinga)	9	(32.577)	9.649.042
		<u>573.798.554</u>	<u>225.961.999</u>
Fjárfestingagjöld			
Fjárfestingagjöld	5	3.527.973	3.893.587
		<u>3.527.973</u>	<u>3.893.587</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	13.298.354	11.721.107
		<u>13.298.354</u>	<u>11.721.107</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		640.725.706	292.886.658
Hrein eign frá fyrra ári		<u>4.111.077.736</u>	<u>3.818.191.078</u>
Hrein eign í lok árs til greiðslu lífeyris		<u>4.751.803.442</u>	<u>4.111.077.736</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir		2015	2014
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,7	2.114.502.912	1.903.766.360
Verðbréf með föstum tekjum	2,8	2.470.056.179	1.847.490.830
Veðlán		22.254.433	26.663.146
Bankainnstæður		98.557.627	243.593.540
		<u>4.705.371.151</u>	<u>4.021.513.876</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	2	5.395.767	22.360.890
Aðrar kröfur	14	4.358.090	1.912.536
		<u>9.753.857</u>	<u>24.273.426</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		47.036.371	82.700.952
	Eignir	<u>4.762.161.379</u>	<u>4.128.488.254</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	15	10.357.937	17.410.518
	Skuldir	<u>10.357.937</u>	<u>17.410.518</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>4.751.803.442</u>	<u>4.111.077.736</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	2015	2014
Inngreiðslur		
Iðgjöld	213.895.192	163.851.192
Fjárfestingartekjur	116.085.747	97.573.126
Afborganir verðbréfa	43.891.784	47.196.440
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	764.011.325	478.135.009
Seld verðbréf með föstum tekjum	591.900.216	935.004.772
Aðrar inngreiðslur	1.568.384	9.546.731
	<u>1.731.352.648</u>	<u>1.731.307.270</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	108.131.175	83.137.606
Fjárfestingargjöld	2.355.835	134.158
Rekstrarkostnaður	22.520.675	16.585.296
Sérstök inngreiðsla inn á lán	4.590.375	1.374.332
Aðrar útgreiðslur	1.762.363	3.099.615
	<u>139.360.423</u>	<u>104.331.007</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum	<u>1.591.992.225</u>	<u>1.626.976.263</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	554.161.520	878.396.990
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	1.218.531.200	701.699.126
Hækkun (Lækkun) á bankainnistæðum	(145.035.913)	(7.364.227)
	<u>1.627.656.807</u>	<u>1.572.731.889</u>
Hækkun (Lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum	(35.664.582)	54.244.374
Sjóður og veltiinnlán í upphafi árs	<u>82.700.952</u>	<u>28.456.578</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>47.036.371</u>	<u>82.700.952</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn skiptist í séreignar- og samtryggingardeild. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Aðilar að lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands eru starfandi tannlæknar og makar þeirra. Þeim starfandi tannlæknum sem skylt er að vera í öðrum lífeyrissjóði, er þó heimilt að vera í þessum sjóði, ef þeir hafa tekjur af tannlækningum. Samtryggingadeild og séreignardeild fylgja sambærilegri fjárfestingastefnu. Stefnt er að því að fjárfesta 7,5% af eignum í innlánnum innlánastofnana, 67,5% í innlendum skuldabréfum, 16,5% í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og 8,5% í erlendum verðbréfum.

Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignasjóðinn. Séreignasjóðurinn býður upp á fjórar ávöxtunarleiðir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

Stefnt er að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á verðbréfamörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 7,5% af eignum í innlánnum innlánsstofnana, 67,5% í innlendum skuldabréfum, 16,5% í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum og 8,5% í erlendum verðbréfum.

Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 70 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskerðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar í samtryggingu með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skyldt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrisréttindi í séreignasjóðnum miðast við innborguð iðgjöld réttthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar réttthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

Útgreiðsluleiðir

Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli samtryggingar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr samtryggingu hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr samtryggingu hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagans og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr samtryggingu hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Samtryggingin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Starfræksla sjóðsins

Landsbankinn annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

Skýringar

1. Starfsemi (framhald)

Áhættustýring

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands fer eftir áhættustýringarstefnu. Í stefnunni eru settar fram verklagsreglur um það hvernig mæla skuli helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins; markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, rekstraráhættu og lífeyrstryggingaráhættu. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir að fylgst sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti.

Engir framvirkir gjaldmiðlasamningar við lánastofnanir eru í gangi hjá sjóðnum í lok árs 2015.

Með fullnægjandi áhættustýringu og innra eftirliti hjá Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands aukast líkur á að starfsemi og tryggingafræðileg staða hans sé í ásættanlegu horfi með hliðsjón af hagsmunum sjóðfélaga. Horft er til þess að áhættustýring sé ferli sem stuðlar að aukinni meðvitund, skilvirkni og árangri, ásamt því að stuðla að því að lögum og reglum sé framfylgt.

Árangursríkt áhættustýringarferli samanstendur af áhættustýringarstefnu, ferli og skýrslugjöf þar sem megintilgangur er að greina, mæla, fylgjast með og meta, í samfellu sem og eftir atvikum greiningu, allar áhættur sem snúa að sjóðnum og sjóðfélögum.

Meðvitað þarf að taka ákvörðun þegar vart verður við tiltekna áhættu, um hvort fjarlægja eigi áhættuvaldinn, sniðganga hann, draga úr líkum eða afleiðingum áhættunnar, deila áhættunni með öðrum eða meðvitað taka áhættuna.

Áhættustýring er ferli sem er samfið daglegum rekstri og ákvarðanatöku innan sjóðsins. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um þær áhættur sem snúa að sjóðnum. Lita skal á innri endurskoðun sem mikilvægan hluta af því ferli.

Við undirbúning og vinnu að áhættustýringarstefnu sjóðsins var stuðst við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2013 og nr. 2/2013 um áhættustýringu lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Áhættum er snúa að rekstri sjóðsins er skipt upp í fjóra meginflokka þ.e. markaðsáhætta, mótaðilaáhætta, lífeyrstryggingaráhætta og rekstraráhætta. Eftirlit með markaðs- og rekstraráhættu er framkvæmt af Áhættustýringarviði Landsbankans. Ennfremur sér Áhættustýring bankans um hlíttingareftirlit sjóðsins þ.e. að eignaráðstöfun hans sé í samræmi við lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Eftirlit með mótaðilaáhættu og lífeyrstryggingaráhættu sjóðsins er framkvæmt af Eignastýringarviði Landsbankans. Helstu áhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðs eru eftirtaldir:

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er skilgreind sem áhættan á fjárhagslegu tapi af stöðu innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsverði. Allar stöður í markaðsbréfum teljast innan efnahags en höfuðstólsfjárhæðir afleiðna utan efnahags.

Þessi áhætta fyrirfinnst í vaxtatengdum fjármálagerningum (skuldabréfum), hlutabréfum og gjaldeyrisviðskiptum. Megináhættuþættir markaðsáhættu eru hluta- og skuldabréfaverð, vextir og gengi gjaldmiðla. Aðrir þættir á borð við fylgni og flökt, hafa hvoru tveggja áhrif á einstaka áhættuþætti sem og heildaráhættu. Misræmisáhætta telst einnig til markaðsáhættu en hún myndast þegar misræmi er milli eigna og skuldbindinga sjóðsins til að mynda hvað varðar verðtryggingarhlutfall, meðallíftíma eða gjaldmiðla. Helstu undirflokkar markaðsáhættu eru hlutabréfaáhætta, vaxtaáhætta, gjaldmiðlaáhætta, flökt- og fylgniáhætta, misræmisáhætta, uppgreiðsluáhætta og áhætta vegna markaðseigna utan efnahagsreiknings.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er skilgreind sem hættu á fjárhagslegu tapi ef gagnaðili fjármálasamnings uppfyllir ekki ákvæði hans eða umsamdar skuldbindingar. Undir mótaðilaáhættu flokkast útlánaáhætta, uppgjöráhætta, samþjöppunaráhætta, afhendingaráhætta og landsáhætta. Við eftirlit með áhættu lífeyrissjóðsins er fylgst með útlánaáhættu, uppgjöráhættu, samþjöppunaráhættu og áhættu vegna eigna utan efnahags. Aðrar áhættur eru metnar með huglægu mati þegar fjárfest er í fjármálagerningum sem ekki hafa verið í eignasafni lífeyrissjóðsins, er hér átt við m.a. afhendingar-, pólitíska og lagalega áhættu.

Skýringar

1. Starfsemi (framhald)

Lífeyrstryggingaráhætta samtryggingadeildar

Í lífeyrstryggingaráhættu felst sú áhætta lífeyrissjóðs að geta ekki staðið við skuldbindingar sínar, til skemmri eða lengri tíma, gagnvart sjóðfélögum sínum. Í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildar tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs án ábyrgða, leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga sé skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum og með sama hætti ef þessi munur hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs er munur á eignum sjóðsins og reiknuðum skuldbindingum. Áhættuþáttur er því hægt að skipta í tvennt; áhættu sem tengist eignum sjóðsins og áhættu sem tengist skuldbindingum sjóðsins. Áhættuþættir sem tengjast skuldbindingu sjóðsins eru helst: Auknar lífslíkur, aukin örorka og breytt ávöxtunarkrafa sem notuð er til núvirðingar á skuldbindingum. Áhættuþættir sem tengjast eignum sjóðsins eru helst: Lækkun markaðsvirðis verðbréfa, verðbólga, þróun gjaldmiðla og aðrir þættir sem hafa áhrif á markaðsvirði eigna lífeyrissjóðsins.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er skilgreind sem hættan á því að sjóðurinn hafi ekki nægilegt laust fé til þess að standa við greiðslur. Lausafjárahættan er svo tvíþætt, seljanleikaáhætta, sem er áhættan á því að geta ekki selt eignir á ásættanlegu verði innan ákveðins tíma til þess að standa við skuldbindingar og svo ústreymisáhætta, sem er hættan á því að það verði skyndilegt útlæði úr sjóðinum sem sjóðurinn getur ekki staðið við án þess að skerða eignir sjóðfélaga.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi vegna svika, mistaka, vanrækslu, óhagræðis, kerfisbilana, orðsporsáhættu eða utanaðkomandi atvika. Hugtökin svik, mistök, vanræksla vísa til galla í verkferlum, kerfisbilana, bilana í vélbúnaði og mannlegra mistaka. Mæling á rekstraráhættu er gerð með áhættumati sem er framkvæmt af þeim aðilum sem best þekjja rekstraráhættu fyrir viðkomandi starfsemi og yfirmanni í viðkomandi einingu.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga. Við gerð ársreikningsins er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Breyting er á framsetningu ársreiknings lífeyrissjóðsins að því leyti að báðar deildir eru nú teknar saman, en þess má geta að deildarskiptur ársreikningur sjóðsins er á blaðsíðu 20 til 22.

Á árinu 2015 voru settar nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 355/255 sem munu leiða til breytinga á framsetningu í ársreikningi sjóðsins. Sjóðurinn nýtti heimild til að fresta upptöku nýrra reglna og er ársreikningur 2015 því gerður í samræmi við eldri reglugerð nr. 55/2000, breytingar eru á framsetningu skýringa sjóðsins en upplýsingargjöf í skýringum er aukin til samræmis við breyttar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Við gerð ársreiknings 2015 var gerð breyting á framsetningu umsýslu og þóknunarkostnaðar til Landsbankans, en áður hafði þeim kostnaði verið skipt 2/3 á fjárfestingagjöld og 1/3 á skrifstofu og stjórnunarkostnað en núna er kostnaðinum skipt 1/3 á fjárfestingagjöld og 2/3 á skrifstofu og stjórnunarkostnað. Samanburðarfjárhæðum í ársreikningnum var einnig breytt í samræmi við nýju framsetninguna.

Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Gengi í lok tímabils	
	2015	2014	31.12.15	31.12.14
Evra (EUR).....	146,30	154,86	140,93	153,84
Bandaríkjadalur (USD).....	131,85	116,75	129,28	126,6
Sterlingspund (GBP).....	201,58	192,17	191,59	197,18

Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilgreinar eru greiddar. Í árslok er einnig áætlað vegna ótilkynnta iðgjalda í samtryggingardeild. Óinnheimt iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Iðgjöld eru færð á því tímabili sem skuldbinding vegna þeirra myndast. Iðgjaldagreiðslurnar eru fyrst færðar inn á sameiginlegan iðgjaldareikning lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningi inn á réttar deildir.

Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum í séreign eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það er talið nauðsynlegt til að tryggja réttláta skiptingu ávöxtunar sjóðsins milli réttshafa hans. Verðbréf með föstum tekjum í samtryggingu eru eignfærð á kaupávöxtunarkröfu.

Vegna þeirrar áhættu að tiltekin verðbréf innheimtist ekki eru þau færð niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi sbr. skýringu 9.

3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2015	2014
Ellilífeyrir	90.218.026	73.972.768
Örorkulífeyrir	4.912.134	1.879.486
Makalífeyrir	9.142.770	3.235.820
Barnalífeyrir	4.942.212	209.376
	<u>109.215.142</u>	<u>79.297.450</u>
	Séreign	Samtrygging
Ellilífeyrir	86.450.753	3.767.273
Örorkulífeyrir	0	4.912.134
Makalífeyrir	8.518.850	623.920
Greitt til dánabúa.....	<u>4.942.212</u>	<u>0</u>
	99.911.815	9.303.327
Tryggingakostnaður vegna örorkulífeyris skv. örorkusamkomulagi lífeyrissjóða.....	0	1.422.295
Framlag til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs.....	0	2.029.589
Sérstök inngreiðsla inná lán sjóðfélaga.....	<u>4.590.375</u>	<u>0</u>
	<u>104.502.190</u>	<u>12.755.211</u>

Skýringar

4. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:	2015	2014
Af hlutdeildarskírteinum sjóða.....	284.348.420	101.441.960
Af verðbréfum með föstum tekjum.....	139.811.074	73.767.751
Af bankainnstæðum.....	5.815.961	15.573.661
	<u>429.975.455</u>	<u>190.783.372</u>

5. Fjárfestingagjöld og umsýslubóknarir

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands hefur fjárfest í hlutdeildarskírteinum innlendra og erlendra verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða sem hluti af daglegri eignastýringu. Umsýslubóknarir sjóðanna eru í öllum tilfellum reiknaðar inni gangvirði þeirra. Sjóðirnir gefa upp umsýslubóknarir (total expence ratio) í útboðslýsingum og upplýsingablöðum. Út frá meðalstöðu Lífeyrissjóðs tannlæknafélags Íslands í hlutdeildarskírteinum verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða má áætla að umsýslubóknarir reiknaðar inni gangvirði hafi verið 20,8 milljónir króna árið 2015. Áætlaðir umsýslubóknarir árið 2014 eru 15,9 milljónir.

Fjárfestingagjöld sundurliðast þannig:	2015	2014
Kaup- og sölubóknarir vegna verðbréfavíðskipta.....	1.503.475	1.356.945
Vaxtagjöld.....	111.657	134.158
Umsýslu- og vörslubóknun verðbréfa skv. rekstrarsamningi við Landsbankann.....	1.912.841	1.535.719
Árangurstengd umsýslubóknun skv. rekstrarsamningi við Landsbankann.....	0	866.765
	<u>3.527.973</u>	<u>3.893.587</u>

6. Rekstrargjöld

Hjá lífeyrissjóðnum starfar enginn starfsmaður en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans annast bankinn starfrækslu sjóðsins.

Laun og tengd gjöld til stjórnar sjóðsins sundurliðast þannig:	2015	2014
Sigurgísli Ingimarsson, stjórnarformaður.....	1.463.400	1.380.720
Gísli Vilhjálmsson, varaformaður.....	292.680	276.144
Heiðdís Halldórsdóttir, ritari.....	292.680	276.144
Margrét Helgadóttir.....	292.680	276.144
Sæmundur Pálsson.....	292.680	276.144
	<u>2.634.120</u>	<u>2.485.296</u>

Kostnaður vegna endurskoðunarnefndar sjóðsins sundurliðast þannig:	2015	2014
Jón Gunnsteinn Hjálmarsson.....	131.775	131.775
Gísli Vilhjálmsson.....	77.000	70.000
	<u>208.775</u>	<u>201.775</u>

Þóknarir til tryggingafræðings sjóðsins sundurliðast þannig:	2015	2014
Þóknun fyrir útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu.....	1.449.742	878.685
Önnur þjónusta.....	198.400	200.800
	<u>1.648.142</u>	<u>1.079.485</u>

Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:	2015	2014
Tryggingastærðfræðingur.....	1.648.142	1.079.485
Reiknaður umsýslu- og stjórnunarkostnaður.....	3.825.682	3.071.439
Endurskoðunarkostnaður.....	1.822.619	1.683.863
Stjórnarlausn, endurskoðunarnefndarkostnaður og tengd gjöld.....	2.842.895	2.687.071
Annar sameiginlegur kostnaður.....	3.159.016	3.199.249
	<u>13.298.354</u>	<u>11.721.107</u>

Skýringar

6. Rekstrargjöld (framhald)

Umsýsluþóknun Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands til Landsbankans 0,12% af meðalstöðu hreinnar eignar í séreignardeild og 0,10% í samtryggingardeild yfir árið. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvisitölur sem fjárfestingastefna sjóðsins tekur mið af.

Árangurstengd þóknun er 20% af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins. Samanlögð árangurstengd þóknun getur þó ekki farið umfram 0,10% af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardeildina annars vegar og séreignardeildina hins vegar. Árangurstengd þóknun reiknast af jákvæðri jafnt sem neikvæðri ávöxtun.

Til þess að Landsbankinn fái aukna umsýsluþóknun í formi árangurstengdrar umsýsluþóknunar þarf ávöxtun eigna Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands að ganga mjög vel. Árangurinn þarf að vera betri en meðaltalsbreyting á þeim mörkuðum sem hann er að fjárfesta á. Auk þess þarf sjóðurinn að vinna upp þann viðskiptakostnað sem leggst til við eignastýringu sjóðsins.

7. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2015	2014
Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	390.711.338	363.416.195
Hlutdeildarskírteini í innlendum sjóðum	1.327.593.068	1.205.891.322
Hlutdeildarskírteini í erlendum sjóðum	396.198.506	334.458.843
	<u>2.114.502.912</u>	<u>1.903.766.360</u>

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	Séreign	Samtrygging
Skráð félög:		
Reitir fasteignafélag hf.	71.077.983	15.284.483
Icelandair Group hf	63.781.773	16.292.602
Marel hf	63.597.320	14.998.835
Hagar hf	42.098.157	10.993.382
N1 hf	35.341.124	8.645.260
EIK fasteignafélag hf.	15.377.025	4.458.726
Reginn hf	13.119.574	3.147.231
Óssur hf	6.562.125	1.689.100
HB Grandi hf.	2.851.354	568.619
Síminn hf.	398.638	398.638
Skráð félög alls	<u>314.205.073</u>	<u>76.476.876</u>
Óskráð félög:		
Óskráð hlutabréf.....	26.189	3.200
Óskráð félög alls	<u>26.189</u>	<u>3.200</u>
Hlutabréfaeign alls	<u>314.231.262</u>	<u>76.480.076</u>

Skýringar

7. Verðbréf með breytilegum tekjum (framhald)

Innlend hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir skuldabréfasjóðir:	Séreign	Samtrygging
Landsbréf - Markaðsbréf.....	199.973.082	22.922.670
Landsbréf - Sparibréf verðtryggð.....	190.130.873	27.424.718
Landsbréf - Sparibréf löng.....	93.307.434	9.954.895
GAMMA: Iceland Government Bond Fund.....	55.948.071	8.031.430
Fyrirtækjabréf Landsbankans.....	3.645.343	439.296
Landsbréf - Sparibréf meðallöng.....	62.643	8.188
Skuldabréfasjóðir alls.....	543.067.446	68.781.197

Innlendir hlutabréfasjóðir:

Landsbréf - Úrvalsbréf.....	241.620.812	65.505.326
Landsbréf - Öndvegisbréf.....	139.495.984	39.868.808
Hlutabréfasjóðir alls.....	381.116.796	105.374.134

Önnur innlend hlutdeildarskírteini:

Landsbréf - HEKLA.....	30.442.145	0
SÍA II slhf.....	29.601.339	6.124.415
Horn II slhf.....	29.549.927	6.113.720
Stefnir ÍS-5.....	28.102.678	6.037.443
Gamma Iceland Fixed Income Fund.....	24.266.947	6.066.737
Gamma: Novus.....	19.444.800	4.861.200
Alda Equity Opportunity Fund.....	15.198.526	3.677.618
GAMMA : OPUS.....	14.160.000	3.540.000
Veðskuldabréfasjóður ÍV.....	1.549.500	516.500
Önnur hlutdeildarskírteini alls.....	192.315.862	36.937.633
Innlend hlutdeildarskírteini alls.....	1.116.500.104	211.092.964

Erlend hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Erlendir hlutabréfasjóðir:	Séreign	Samtrygging
T.Rowe Price - Global Equities Class.....	108.423.167	28.734.766
Carnegie - Worldwide Fund.....	106.642.171	12.676.633
Jupiter European Growth fund.....	45.932.543	8.433.999
Landsbréf - Global Equity Fund.....	29.788.352	21.948.877
Black Rock - Global Opportunities Fund.....	7.848.130	3.165.909
Landsbréf - Nordic 40.....	887.035	147.873
Hlutabréfasjóðir alls.....	299.521.398	75.108.057

Önnur erlend hlutdeildarskírteini:

LPE II.....	15.818.896	3.163.588
Landsbanki Mezzanine Fund II.....	2.217.058	369.509
Önnur hlutdeildarskírteini alls.....	18.035.954	3.533.097
Erlend hlutdeildarskírteini alls.....	317.557.352	78.641.154

Hlutdeildarskírteini alls.....	1.434.057.456	289.734.118
--------------------------------	---------------	-------------

Verðbréf með breytilegum tekjum alls.....	1.748.288.718	366.214.194
---	---------------	-------------

Skýringar

8. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Séreign	Samtrygging
Ríkisbréf.....	474.151.220	75.794.052
Íbúðabréf.....	469.521.050	225.087.345
Skuldabréf lánastofnanna.....	457.940.932	137.293.455
Fyrirtæki.....	309.947.436	93.279.653
Sveitarfélög.....	172.815.422	43.642.207
Sjóðfélagalán.....	22.254.433	0
Húsbréf.....	5.070.522	5.512.885
	<u>1.911.701.015</u>	<u>580.609.597</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls.....	1.911.701.015	580.609.597

9. Niðurfærsla verðbréfa

Breyting á niðurfærslu á árinu 2015 var 33 þúsund krónur. Árið 2014 var breyting á niðurfærslu verðbréfa 9,6 milljónir króna.

Varúðarniðurfærsla á verðbréfum með breytilegum tekjum greinist þannig:

	Séreign	Samtrygging
Eignarhlutir í erlendum hlutdeildarskírteinum.....	1.545.645	256.778
	<u>1.545.645</u>	<u>256.778</u>
Varúðarniðurfærsla í upphafi árs.....	1.517.708	252.139
Breyting á niðurfærslu á árinu.....	27.937	4.639

10. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Séreign	Samtrygging	Samtals 31.12.2015
Fjárfestingar í ISK.....	3.434.806.519	899.750.256	4.334.556.775
Fjárfestingar í USD.....	142.624.395	31.900.673	174.525.068
Fjárfestingar í EUR.....	169.280.648	24.422.093	193.702.741
Fjárfestingar í GBP.....	2.217.058	369.509	2.586.567
	<u>3.748.928.620</u>	<u>956.442.531</u>	<u>4.705.371.151</u>

	Séreign	Samtrygging	Samtals 31.12.2014
Fjárfestingar í ISK.....	2.947.507.145	770.609.536	3.718.116.681
Fjárfestingar í USD.....	207.576.256	27.399.680	234.975.936
Fjárfestingar í EUR.....	55.448.274	10.433.150	65.881.424
Fjárfestingar í GBP.....	2.177.002	362.833	2.539.835
	<u>3.212.708.677</u>	<u>808.805.199</u>	<u>4.021.513.876</u>

Skýringar

11. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í séreignardeild lífeyrissjóðsins en á kaupávöxtunarkröfu í samtryggingardeild. Væru verðbréf með föstum tekjum í samtryggingardeild lífeyrissjóðsins færð til eignar miðað við markaðskröfu í lok árs væri mat þeirra 38,5 milljónum króna hærra og hrein eign til greiðslu lífeyris þeim mun hærra. Á árinu 2014 var mat verðbréfa með föstum tekjum miðað við markaðskröfu 22,7 milljónum króna hærri.

12. Skuldbinding í framtaks- og fasteignasjóðum

Lífeyrissjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum. Heildarskuldbinding í framtaks- og fasteignasjóðum í árslok 2015 var 60,5 mkr samanborið við 29,4 mkr í árslok 2014. Skuldbindingin er öll í íslenskum krónum og greiðist á næstu fimm árum.

13. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar sjóðsins:

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins fer fram einu sinni á ári og miðar við stöðu í árslok. Er það mat stjórnenda að ekki hafi orðið verulegar breytingar á tryggingafræðilegu mati frá áramótum. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur áfallin lífeyrisskuldbinding samtryggingardeildar sjóðsins 870,4 milljónum króna árslok 2015 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2015 er 972,5 milljónir króna eða 102,1 milljón króna hærri. Lífeyrisskuldbinding samtryggingardeildar í árslok 2015 greinist þannig:

Eignir:	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Hrein eign til greiðslu lífeyris	977,2		977,2
Núvirði verðbréfa, hækkun	3,2		3,2
Lækkun vegna fjárfestingargjalda	(7,9)		(7,9)
Núvirði framtíðariðgjalda		842,7	842,7
	972,5	842,7	1.815,2

Skuldbindingar:	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Ellilífeyrir	639,3	565,1	1.204,4
Örorkulífeyrir	146,2	188,6	334,8
Makalífeyrir	59,1	50,7	109,8
Barnalífeyrir	0,0	7,0	7,0
Rekstrarkostnaður	25,8	50,6	76,4
	870,4	862,0	1.732,4
Eignir umfram skuldbindingar.....	102,1	(19,3)	82,8
Í hlutfalli af skuldbindingum	11,8%	(2,2%)	4,8%

14. Aðrar kröfur

Aðrar kröfur greinast þannig:	31.12.2015	31.12.2014
Kröfur vegna iðgjaldaflutninga.....	23.432	0
Innlendar viðskiptakröfur.....	4.334.658	1.912.536
	4.358.090	1.912.536

15. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig:	31.12.2015	31.12.2014
Ógreiddir staðgreiðsluskattar.....	3.104.595	2.875.465
Ógreiddur kostnaður.....	4.535.716	7.790.306
Lánardrottinnar.....	2.717.626	6.744.747
	10.357.937	17.410.518

Skýringar

16. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn og framkvæmdastjóra sjóðsins þann 22. apríl 2016.

17. Kennitölur

Fimm ára yfirlit um kennitölur beggja deilda sjóðsins til samans samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða:

	2015	2014	2013	2012	2011
Ávöxtun:					
Hrein raunávöxtun	11,18%	3,38%	4,05%	3,06%	3,83%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
sl. 3 ár	6,53%	3,69%	4,27%	4,81%	5,90%
sl. 5 ár	5,65%	4,46%	5,30%	(2,32%)	(2,97%)
sl. 10 ár	1,62%	1,22%	1,71%	2,53%	2,41%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum:	0,28%	0,25%	0,26%	0,24%	0,25%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf m. breytli. tekjum	40,93%	44,41%	33,16%	24,00%	17,58%
Skráð verðbréf m. föstum tekjum	50,25%	44,46%	53,48%	59,12%	62,88%
Óskráð verðbr. m. breytli. tekjum	5,71%	1,94%	3,51%	6,61%	5,16%
Óskráð verðbréf m. föstum tekjum	0,15%	0,61%	2,37%	1,21%	0,00%
Veðlán	0,59%	0,65%	0,85%	1,10%	1,57%
Bankainnstæður	2,37%	7,94%	6,64%	7,95%	12,80%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	92,12%	92,46%	90,34%	92,56%	92,72%
Eignir í erl. gjaldmiðlum	7,88%	7,54%	9,66%	7,44%	7,28%
Fjöldi:					
Fjöldi virkra sjóðfélaga - meðaltal.....	312	324	312	315	295
Fjöldi virkra lífeyrisþega - meðaltal.....	53	48	46	34	27
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	82,61%	75,69%	76,30%	76,49%	82,18%
Örorkulífeyrir	4,50%	3,48%	2,89%	2,77%	3,54%
Makalífeyrir	8,37%	17,12%	10,48%	10,44%	11,62%
Barnalífeyrir	4,53%	3,71%	10,33%	10,29%	2,66%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign					
umfram heildarskuldbindingar	4,78%	1,40%	2,50%	0,04%	2,72%
Hrein eign					
umfram áfallnar skuldbindingar	11,75%	6,90%	7,00%	3,26%	2,76%

Skýringar

17. Kennitölur (framhald)

Yfirlit um kennitölur, skipt niður á brautir sjóðsins:

	Séreign	Samtrygging
Ávöxtun:		
Hrein raunávöxtun	11,25%	10,91%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar		
sl. 3 ár	6,34%	7,24%
sl. 5 ár	5,67%	5,56%
sl. 10 ár	1,76%	1,10%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:		
Skráð verðbr. m. brl. tekjum	40,93%	34,01%
Skráð verðbr. m. föstum tekjum	50,25%	60,71%
Óskráð verðbr. m. brl. tekjum	5,71%	4,28%
Óskráð verðbr. m. föstum tekjum	0,15%	0,00%
Veðlán.....	0,59%	0,00%
Bankainnstæður	2,37%	1,01%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:		
Eignir í íslenskum krónum	91,62%	94,07%
Eignir í erl. gjaldmiðlum.....	8,38%	5,93%
Fjöldi:		
Fjöldi sjóðfélaga	336	324
Fjöldi lífeyrisþega	55	20
Fjöldi lífeyrisþega í fyrirfrangreiðslu.....	0	0
Fjöldi lífeyrisþega í inngreiðslu inn á lán.....	12	0

Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2015

	Samtals	Séreignardeild	Samtrygging
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga	66.380.998	45.085.868	21.295.130
Iðgjöld launagreiðenda	134.773.540	91.537.973	43.235.567
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(1.464.731)	(1.464.731)	0
Sérstök aukaframlög	1.321.073	0	1.321.073
	<u>201.010.880</u>	<u>135.159.110</u>	<u>65.851.770</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	109.215.142	99.911.815	9.303.327
Sérstök inngreiðsla inn á lán sjóðfélaga	4.590.375	4.590.375	0
Framlag í VIRK starfsendurhæfingarsjóð	2.029.589	0	2.029.589
Tryggingakostnaður	1.422.295	0	1.422.295
	<u>117.257.401</u>	<u>104.502.190</u>	<u>12.755.211</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	143.855.676	116.209.318	27.646.358
Vaxtatekjur og gengismunur	429.975.455	342.013.450	87.962.005
Breytingar á niðurfærslu (fjárfestinga)	(32.577)	(27.938)	(4.639)
	<u>573.798.554</u>	<u>458.194.830</u>	<u>115.603.724</u>
Fjárfestingagjöld			
Fjárfestingagjöld	3.527.973	2.768.831	759.142
	<u>3.527.973</u>	<u>2.768.831</u>	<u>759.142</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	13.298.354	9.016.520	4.281.834
	<u>13.298.354</u>	<u>9.016.520</u>	<u>4.281.834</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu	640.725.706	477.066.399	163.659.307
Hrein eign frá fyrra ári	<u>4.111.077.736</u>	<u>3.297.532.848</u>	<u>813.544.888</u>
Hrein eign í lok árs til greiðslu lífeyris	<u>4.751.803.442</u>	<u>3.774.599.247</u>	<u>977.204.195</u>

Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Samtals	Séreignardeild	Samtrygging
Eignir			
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2.114.502.912	1.748.288.721	366.214.191
Verðbréf með föstum tekjum	2.470.056.179	1.889.446.581	580.609.598
Veðlán	22.254.433	22.254.433	0
Bankainnstæður	98.557.627	88.938.885	9.618.742
	<u>4.705.371.151</u>	<u>3.748.928.620</u>	<u>956.442.531</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	5.395.767	0	5.395.767
Aðrar kröfur	4.358.090	3.153.013	1.205.077
	<u>9.753.857</u>	<u>3.153.013</u>	<u>6.600.844</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán	47.036.371	27.547.582	19.488.789
Eignir	<u>4.762.161.379</u>	<u>3.779.629.215</u>	<u>982.532.164</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	10.357.937	5.029.968	5.327.969
Skuldir	<u>10.357.937</u>	<u>5.029.968</u>	<u>5.327.969</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls	<u>4.751.803.442</u>	<u>3.774.599.247</u>	<u>977.204.195</u>